

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa bónda, er hafði misst gripi úr bráðasótt.

1868.

18. janúar.

Útaf tillögum sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu við yður, herra stiptamtmaður, um, að Guðmundi bónda Einarssyni á Middel í Mosfellssveit verði veittur styrkur úr opinberum sjóði útaf fjármissi þeim, sem hann beið árin 1866 og 1867 af bráðasótt, sem kom í skepnur hans þessi árin, hafð þér tekið fram í bréfi dagsettu 17. októbermán. f. á., að með því að skepnunum ekki var slátrað eptir yfirvalds boði, sè hinu opinbera ekki beinlínis skylt að endurgjalda eigandanum fjártjón það, sem hann beið af þessu, er ekki verður metið minna en 600 rd., en að yður samt virðist sanngjarnt, að honum verði veittur styrkur í þessum notum, og hafð þér mælt fram með, að stjórnarráðið veiti tæðum Guðmundi Einarssyni 100 rd. styrk af fè því, er það hefir til umráða.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hefir ekki neinn sjóð til umráða, er það gæti veitt slíkan styrk úr, sem hær er um að ræða, en að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, að 100 rd. sèu greiddir úr jafnaðarsjóði suduramtsins til þessa augnamiðs, ef að þeir mega missast.

6. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um íslenzka kennslubók í latínu handa Reykjavíkurskóla.

13. febrúar.

Í bréfi dagsettu 28. októbermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, skýrt frá, að bæði skóla-meistarinn og kennararnir í latínu í Reykjavíkurlærða skóla hafi mælt fram með, að gefin verði út, samkvæmt uppástungu stjórnarráðsins í bréfi 8. júnímán. s. á., lítil kennslubók í latínu, með latínsku orðasafni með íslenzkum þýðingum aptanvið, handa neðstu bekkjunum í skólanum, og að kennararnir í latínu,